

ÁRSSKÝRSLA STOFNUNAR VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM 2025

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein af grunnstofum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarvettvangur akademískra starfsmanna við Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem kennd eru við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, latínu, pólsku, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku. Helstu fræðasviðin eru bókmenntir, málvísindi, menningarfræði, þýðingafræði, máltileinkun og kennslufræði erlendra tungumála. Stofnunin miðlar upplýsingum um tungumálanám og nýjungar í kennslu erlendra tungumála og skipuleggur vinnustofur, fyrirlestra, málþing og ráðstefnur um ólík málefni sem tengjast fræðasviðum stofnunarinnar.

Fræðirit og þýðingar koma út hjá stofnuninni og frá árinu 2009 veftímaritið *Milli mála*. Um stofnunina, sjá nánar: svf.hi.is

Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er að finna eftirtaldar undirstofur:

Fornfræðistofa – vettvangur fyrir rannsóknir í fornfræðum og þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun fornfræði. Ábyrgðarmaður er Geir Þ. Þórarinnsson.

GLÓSA – rannsóknastofa í orðabókafræði. Ábyrgðarmaður er Erla Erlendsdóttir.

Rannsóknastofa í bókmennta- og menningarsögu íslenskra vesturfara. Ábyrgðamaður er Birna Bjarnadóttir. Sjá <https://svf.hi.is/is/bmv>

RÍO – rannsóknastofa í orðasambandafræði. Ábyrgðarmaður er Oddný G. Sverrisdóttir.

STUTT – rannsóknarstofa í smásögum og styttri textum. Ábyrgðarmaður er Kristín Guðrún Jónsdóttir. Sjá stutt.hi.is

Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO. Forstöðumaður frá 1. október 2024 er Sofiya Zahova. Stjórnarformaður var Gísli Magnússon. Sjá vigdis.hi.is.

STJÓRN OG RITNEFND

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum árið 2025 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, formaður, meðstjórnandi var Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum, fulltrúi doktorsnema á Hugvísindasviði var Sigrún Alba Sigurðardóttir og varamaður Ann-Sofie Nielsen Gremaud, dósent í dönsku.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Kristín Guðrún Jónsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Ásdís Rósa Magnúsdóttir. Geir Þórarinn Þórarinnsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*, ásamt gestaritstjórum sérheftis, Erlu Erlendsdóttur og Oddnýju G. Sverrisdóttur

Árið 2025 voru tæplega 50 fræðimenn í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

RANNSÓKNIR OG VERKEFNI

Meðal verkefna og rannsókna sem unnið er að innan stofnunarinnar eru eftirfarandi:

Ana Belén Fernández Organista tekur þátt í verkefninu **Mikilvægur orðaforði fyrir fjölyngi og vélþýðingar**. Hlutverk hennar felst í að þýða smásögur eftir Þórunni Raket Gylfadóttur og Berglindi Ernu Tryggvadóttur úr íslensku yfir á spænsku, ásamt orðabókarfærslum. Verkefnið hlaut styrk frá Rannís úr Markáætlun í tungu og tækni. Það

er unnið í samstarfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM), Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

Ann-Sofie Gremaud rannsakar framsetningar fortíðarinnar í utanríkis- og norðurslóðastefnu á Íslandi og Grænlandi og hvernig Norðurlöndin eru kynt í kennsluefni fyrir dönskukennslu í grunnskólum á Íslandi. Hún vinnur einnig að rannsóknum á því hvernig svartur húmor er notaður til að lýsa sambandi Danmerkur við Grænland. Ann-Sofie tók þátt í alþjóðlega verkefninu **The Art of Nordic Colonialism: Writing Transcultural Art Histories**. Þar er fjallað um hlutverk nýlendustefnunnar í sköpun og viðtöku lista- og listasögu á Norðurlöndum og fyrrum nýlendum þeirra frá 1600 til dagsins í dag.

Auður Hauksdóttir leiðir þróunarverkefnið **EGO (Min egen Ordbank)**, sem er einstaklingsmiðuð stafræn námsstöð fyrir færeyska, grænlenska og íslenska nemendur í dönsku og aðra sem þurfa að tjá sig á dönsku. Verkefnið hefur notið rausnarlegra styrkja frá Nordplus Sprog og Kultur auk þess sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Uddannelsesstyrelsen í Grænlandi hafa stutt við verkefni.

Auður fer einnig fyrir stýrihópi á vegum stjórnvalda, Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns, en honum er ætlað að hrinda í framkvæmd átaki til eflingar dansk-íslensku vísindasamstarfi, sem ríkisstjórnin efndi til árið 2019, þegar þess var minnst að 75 ár voru liðin frá stofnun lýðveldisins. M.a. er nú unnið að útgáfu **Ferðabókar Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar** í Danmörku og **sýningu í Nesstofu um Ferðabókina** og tilurð hennar. Sagnfræðingarnir Árni Daníel Júlíusson og Daniel Henschen unnu að rannsóknum á **Ferðabókinni** frá því um miðjan ágúst 2024 og til loka ágúst 2025, en afrakstur rannsókna þeirra verður nýttir við gerð sýningarinnar í Nesstofu auk þess sem þeir munu skrifa fræðilegan inngang að nýrri útgáfu **Ferðabókarinnar** í ritstjórn Auðar Hauksdóttur og Eriks Skyum-Nielsen. Að útgáfunni standa Gads Forlag í samvinnu við Videnskabernes Selskab og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. A.P. Møller sjóðurinn í Danmörku og menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið styrktu rannsóknirnar, en Augustinusarsjóðurinn, Háskóli Íslands og Videnskabernes Selskab styrkja útgáfu **Ferðabókarinnar**. Verkefnið er unnið í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Sagnfræðistofnunar, Saxo Instituttet við Kaupmannahafnarháskóla og Þjóðminjasafns Íslands. Auður er einnig þátttakandi í alþjóðlega rannsóknanetinu **Fortíð norðursins endurheimt**, sjá <https://akademia.is/rnp/>, sem er styrkt af Rannís. Framlag hennar lýtur að þýðingu íslenskrar tungu og bókmennta fyrir þjóðernismyndun Dana.

Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir rannsóknaverkefnum **Sprogbarometer I og II** sem eru unnin í samvinnu við fræðimenn við Fróðskaparsetur Færeyja, Háskólann í Grænlandi og Málstöðina í Grænlandi. Rannsóknirnar beinast að sambýli heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi við dönsku og ensku.

Ásdís R. Magnúsdóttir rannsakar **viðtöku- og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi** á 18. öld með áherslu á rit **Hannesar Finnssonar** *Kvöldvökurnar 1794* og íslenskar barnabókmenntir í evrópsku samhengi. Hún vinnur að íslenskri þýðingu á *Kerruriddaranum (Le Chevalier de la charrette)* og *Ljónsriddaranum (Yvain ou Le Chevalier au lion)* eftir **Chrétien de Troyes** í samstarfi við Hélène Tétrel, og að tvímála útgáfu og franskri þýðingu á *Parcevals sögu* í samstarfi við Hélène Tétrel, Ingvil B. Budal, Lasse Mårtensson og Keith Busby. Ásdís er einnig þátttakandi í verkefninu **Franska bylgjan í íslensku leikhúsi** ásamt Guðrúnu Kristinsdóttur, Irmu Erlingsdóttur og Katja Krebs.

Birna Bjarnadóttir rannsakar þátt skáldsins **Undínu í bókmennta- og menningarsögu íslenskra vesturfara**, leiðir alþjóðlega rannsóknaverkefnið **Menning við ysta haf** í félagi við Andrew McGillivray og Ármann Jakobsson, og er samstarfsaðili HÍ í **Destination Horizon (SSHRC)** verkefninu **Canada-Iceland International Research Collaboration: University of Winnipeg and University of Iceland**, leitt af Andrew McGillivray, dósent við University of Winnipeg. Af öðrum verkefnum má nefna „Eftirmála“ sem birtist í **Töfraljallinu** eftir Thomas Mann í þýðingu Gauta Kristmannssonar (útgáfa væntanleg 2026). Á haustmisserinu 2025 tók Birna þátt í samstarfssamningi HÍ og University of Victoria í Bresku Kólumbíu, kenndi námskeiðið *The Transatlantic Context in Icelandic Canadian Literature*, og flutti þrjá opinbera fyrirlestra um efni rannsókna sinna á vegum **Richard and Margaret Beck Lecture Series, University of Victoria**. Hún hélt einnig fyrirlestur við **University of British Columbia** í námskeiði um **existensíalisma í norrænum bókmenntum**.

Eyjólfur Már Sigurðsson stýrir verkefninu **Icelandic Online** sem er á vegum Tungumála-miðstöðvar. Sjá nánar: <https://icelandiconline.com/>.

Íslensk-spænsk veforðabók er í smíðum á vegum **LEXIU**. Ritstjóri spænska hlutans er Erla Erlendsdóttir.

Erla Erlendsdóttir og Nuria Frías Jiménez tóku þátt í verkefninu **BIL.LEX** (Lexicografía bilingüe actual del español) sem Luis Pablo Núñez, fræðimaður og kennari við Háskólann í Granada, Spáni, stýrir. Afrakstur rannsóknarhópsins birtist í tímaritinu *Philologia Canariensia* 32 (2026). Þær voru einnig þátttakendur í verkefninu **Frasología contrastiva** sem David Pérez Rodríguez og Carmen Hernández við Háskólann í Valladolid, Spáni, stýra. Afrakstur rannsóknarhópsins birtist á prenti árið 2026.

Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Nuria Frías Jiménez eru þátttakendur í norræna vinnuhópi alþjóðlega verkefnisins **Kortlagning spænsku í Evrópu**. <https://europa-hcias.de/>;
<https://cervantes.org/es/sobre-nosotros/publicaciones/coleccion-espanol-europa>

Geir Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlega verkefninu **Perceptions of Age and Ageing in Premodern China and Beyond** ásamt samstarfsaðilum frá Þýskalandi, Tékklandi, Slóveníu og Belgíu. Hann er einn af ritstjórum bókanna *The Changes in Our Times: Contemporary Readings of the Yijing, Four Exemplars of Ru 儒 (Confucianism) – Beyond Comparative Philosophy* (sem báðar komu út hjá Springer) og *Imaginary Worlds and Imperial Power: The Case of China* (Suny Press) sem allar komu út árið 2025.

Geir Þ. Þórarinnsson vinnur að gerð **grísk-íslenskrar orðabókar** með styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Hann vinnur einnig að útgáfu á þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á leikriti *Æskýlos, Sjö hershöfðingjar móti Þebu*.

Gísli Magnússon hefur á árinu 2025 haldið fyrirlestra og birt fræðigreinar á sviði bókmenntafræði með áherslu á **rómantík, esóterisma og nútímabókmenntir**. Hann flutti erindið „Fra affortryllesse til epifani: Peripetiens æstetik i Pia Tafdrups digtning“ á 35. ráðstefnu *International Association for Scandinavian Studies (IASS)*, sem haldin var við Ludwig-Maximilians-Universität München dagana 30. júlí til 2. ágúst 2025. Einnig flutti hann erindið „The Epiphanic Aesthetics of Danish Poet Pia Tafdrup – An Exploration of

the Dialectics of Re-enchantment and Disenchantment in Her Poetry” á 10. tveggja ára ráðstefnu *European Society for the Study of Western Esotericism* (ESSWE10), sem haldin var við Vilnius-háskóla dagana 25.–28. júní 2025. Þá hélt hann erindi um „Pia Tafdrups visionære æstetik” á Hugvísindabíngi 8. mars 2025. Gísli birti greinina „Reminiscences of Eranos in Naja Marie Aidt’s novel *When Death Takes Something from You Give It Back: Carl’s Book*” í tímaritinu *Religiographies* (4. árg., 1. tbl., 2025), þar sem hann greinir áhrif eranoskra hugmynda á samtímabókmenntir. Þá birtist einnig grein hans „Rainer Maria Rilke – an Esoteric poeta vates Interpreting Christian Mysticism?” í *Studies in Spirituality* (34/2025), þar sem hann fjallar um kristilega dulúð og esóteríska þætti í verkum Rilkes.

Guðrún Kristinsdóttir vinnur að verkefnum **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**. Hún rannsakar einnig **birtingarmyndir trúarbragðastríðanna** í frönskum harmleikjum 16. aldar og 17. aldar og í sögulegri smásagnaritun á 17. öld.

Hólmfríður Garðarsdóttir tekur þátt í verkefnunum **Women seeing Women**, sem fjallar um birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum eftir konur í Rómönsku Ameríku, og **Decolon-Ice: Towards decolonizing curricula in Nordic higher education**. Verkefninu **Félagshreyfingar og jaðarmening í Rómönsku Ameríku** stýrir hún ásamt dr. Hasan Karakilinc, aðjunkt í spænsku.

Ingibjörg Ágústsdóttir vinnur að rannsóknarverkefni um **skoskar ferðakonur á Íslandi á 19. og 20. öld**, sem styrkt er af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Ingibjörg er einn af aðalritstjórum nýju fræðibókaritraðarinnar **Global Historical Fictions** sem gefin er út hjá Brill.

Irma Erlingsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir stýra verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi** en þar er sjónum beint að þýðingum og uppsetningum á frönskum leikbókmenntum og sviðslistum og áhrifum þeirra á íslenskt leikhús.

Jacob Ølgaard Nyboe birti rannsókn á verkinu „Jærnet“ eftir Harald Kidde og beinir nú sjónum að **Ijóðlist: „Parasitsonetterne“** eftir Martin Larsen og Signe Gjessing. Hann ritstýrði greinasafninu *Þá høgde med det uafklarede. Marianne Larsens forfatterskap* sem om út hjá Forlaget Spring. Meðritstjóri var Nichale Kallesøe Schmidt.

Jón Ólafsson vinnur að bók um endurskoðun á íslensku stjórnarskránni sem er ein afurða verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarapátttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði** sem hann fór fyrir á árunum 2019 til 2023. Hann er þátttakandi í netsamstarfinu **UNIDELIB** sem snýst um þróun rökræðuvettvangs innan háskólasamfélagsins. Jón er einnig ritstjóri Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags.

Kristín Ingvarsdóttir tekur þátt í norræn-japanska rannsóknarverkefninu **ARCSUS+SDG** (Governing Arctic Urban Sustainability through the lens of the UN’s Sustainable Development Goals) sem er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Kristín stundar rannsóknir á **samskiptum Íslands og Japans**, m.a. með tilliti til sögulegra tengsla landanna, hvalveiða og málefna norðurslóða.

Rebekka Þráinsdóttir vinnur að rannsókn á **birtinga-, viðtöku- og þýðingasögu rússneskra bókmennta á Íslandi**.

Rósa Elín Davíðsdóttir ritstýrir **LEXIU, íslensk-franskri veforðabók**, sem opnuð var í júní 2021. Orðabókin er unnin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en árið 2023 var einnig efnt til samstarfs við **Académie française** um að bæta við málfræðiupplýsingum um frönsku jafnheitin.

Sanna Schulte rannsakar **myrkur sem skáldfræðilegt hugtak**. Hún hefur sent frá sér greinar um skáldskap á þýsku frá sjöunda áratugnum og vinnur nú að skipulagningu ráðstefnu í tilefni af aldarafmæli austurrísku skáldkonunnar Ingeborg Bachmann, sem haldin verður í Literaturhaus Vienna í júní 2027. Í samstarfi við Center of Jewish Studies í Graz, stýrir hún, ásamt Olaf Terpitz, rannsóknarverkefni um **Kabbalah sem lýtur að sambandi gyðinglegrar dulhyggju og ritvenja í samtímanum**.

Sofiya Zahova stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks, og **RomIs: History and Ethnography of Roma in Iceland**, sem styrkt er af RANNÍS.


Toby Erik Wikström leiðir verkefnið **Staging and Erasing the Global in Early Modern France**.

Þórhallur Eyþórsson stýrir verkefninu **Setningafræðileg staða frumlagslegra aukafallsliða í forníslensku: Endurmat** sem styrkt er af RHÍ 2025-27. Hann tekur einnig þátt í Rannsóknarnetunum **Europe's Representations of India: Texts, Images, and Encounters (ESIND)**, **Adverbial clauses and subordinate dependency relationships** og **The Oxford History of North Germanic Morphology**.

Þórhildur Oddsdóttir vinnur að verkefni tengdu **annarsmálsfræðum**.

Þórir Jónsson Hraundal vann að riti um **áhrif og sögu múslima á Íberíuskaganum**.

Nánar um rannsóknaverkefni stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/rannsoknir>



ÚTGÁFA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur út vef tímarið *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* tvisvar á ári. Stofnunin gefur einnig út fræðirit og þýðingar á erlendum bókmenntum. Einmála og tvímála ritraðir stofnunarinnar er ætlaðar nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda en einnig unnendum erlendra fagurbókmennta og klassískra verka. Þýtt er úr frummáli og ítarlegur inngangur eða eftirmáli fylgir flestum verkanna. Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er ritröð sem hóf göngu sína árið 2021 í tilefni af 20 ára starfsafmæli stofnunarinnar.

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu

Tvö hefti sautjándra árgangs *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* komu út á árinu í opnum aðgangi á síðunni <https://millimala.hi.is> og ojs.hi.is. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Sérhefti *Milli mála* 2025 er helgað orðasambandafræðum. Höfundar greina eru Auður Hauksdóttir, Azucena Penas Ibañez, Dmitrij Dobrovól'skij, Elisabeth Piirainen, Erla Erlendsdóttir, Erla Hallsteinsdóttir, Guðrún Kvaran, Nuria Frías Jiménez, Oddný G. Sverrisdóttir og Rósa Elín Davíðsdóttir.

Gestaritstjórar voru Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir.

Í almenna hefti *Milli mála* 2025 eru fjórar ritrýndar greinar eftir Erlu Erlendsdóttur, Juan David Hernández Rodríguez og Piergiorgio Consagra, Stefanie Bade og Unni Bjarnadóttur. Í heftinu er einnig að finna smásögu eftir Honoré de Balzac í þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttir, smásögu eftir Cristina Civalé í þýðingu Hólfríðar Garðarsdóttur og smásögu eftir Ástu Sigurðardóttur í þýðingu Ana Belén Fernández Organista. Að lokum birtir *Milli mála* umfjöllun Óskar Vistdal um finnska þýðingu á *Evfemúljóðunum*.

Ritstjórar voru Geir Þ. Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir.

Milli mála er gefið út með styrk frá Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Frönsk framúrsteffna: Sartre, Genet, Tardieu

Hér er að finna þýðingar Vigdísar Finnbogadóttur á þremur frönskum framúrsteffnuleikritum: *Læstar dyr* eftir Jean-Paul Sartre, *Vinnukonurnar* eftir Jean Genet og *Ég er kominn til að fá upplýsingar* eftir Jean Tardieu. Verkin þrjú þýddi Vigdís úr frönsku á árunum 1961-1966, tvö fyrri leikritin fyrir leikhópin Grímu, það þriðja fyrir Leikfélag Reykjavíkur.

Ritstjórar útgáfunnar voru Guðrún Kristinsdóttir, Irma Erlingsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir. Í ítarlegum inngangi fjalla þær um verkin þrjú og frönsku framúrsteffnuna í íslensku leikhúsi.

Bókin var gefin út með styrk frá Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Miðstöð íslenskra bókmennta.

Útgefandi: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan.

Al-Andalus. Saga múslima á Íberíuskaga

Í þessu riti fjallar Þórir Jónsson Hraundal um viðveru múslima á Spáni og í Portúgal, frá 711 til 1614, út frá sögulegu og menningarlegu sjónarhorni. Sagt er frá uppgangi veldis þeirra, allt frá orrustum við Vestgota, til blómaskeiðs samfélags múslima á Spáni í borgunum Cordoba og Granada, og, að lokum, brottreksturs þeirra frá Spáni á árunum 1609-1614.

Ritstjóri verksins er Már Jónsson.

Bókin var gefin út með styrk frá Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Miðstöð íslenskra bókmennta.

Útgefandi: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan.

Nánar um útgáfu stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/utgafa>

VIÐBURÐIR

<https://svf.hi.is/is/frettir>

□

Námsgrein í japönsku stóð fyrir árlegri Japanshátíð við Háskóla Íslands í tuttugastaogfyrsta sinn í Veröld – húsi Vigdísar laugardaginn **31. janúar**. Hátíðin var öllum opin og gafst gestum kostur á að kynna japanskri menningu og námi í japönsku við Mála- og menningardeild.

Þann **28. febrúar úthlutaði** Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur eftirfarandi styrkjum til verkefna á vegum stofnunarinnar:

Ritnefnd SVF: *Milli mála*, 2025, tvö hefti, kr. 2.200.000,-

Geir Þórarinn Þórarinsson: *Æskýlos, Sjö hershöfðingjar móti Þebu*, kr. 500.000.

Oddný G. Sverrisdóttir og Erla Erlendsdóttir, *Við brúna og fleiri sögur frá Þýskalandi*, kr. 500.000 kr.

Birna Bjarnadóttir, *Ljóð Undínu*, kr. 400.000.

Rektor afhenti styrkina.

Þann **7. mars** stóð Félag spænskukennara á Íslandi, sendiráð Spánar á Íslandi og námsgrein í spænsku við HÍ fyrir Spænskuhátíð. Nemendur framhaldsskóla kynntu þar myndbandsverkefni og veggspjöld er lutu að fjórtánda heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um líf í vatni. Verðlaun fólust í námsdövl við háskóla á Spáni sumarið 2026 og voru fulltrúar skólanna mættir. Tónlistarflutningur var í höndum Hildar Luo Káradóttur gítarleikara og nemenda við Menntaskóla í tónlist (MÍT). Forseti mála- og menningardeildar, Gísli Magnússon, ávarpaði gestina.

Þann **21. mars** varði Hasan Karakilinc sameiginlega doktorsritgerð í spænsku við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands og Suður-Ameríku fræðum við Háskólann í Toulouse Jean Jaurès í Frakklandi. Ritgerðin ber heitið *Vettoangur fjölradda andspyrnu: Útópísk skörun innan pönksenunnar í Buenos Aires* á íslensku og var unnin undir leiðsögn Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors í spænsku við Háskóla Íslands, og Michèle Soriano, prófessors í spænsku og bókmenntum rómönsku Ameríku við Háskólann í Toulouse Jean Jaurès.

Hasan varði ritgerðina í Toulouse 16. desember síðastliðinn og flutti doktorsfyrirlestur í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands föstudaginn 21. mars. Þórhallur Eyþórsson, varaforseti Mála- og menningardeildar, stjórnaði athöfninni.

Í rannsókninni er sjónum beint að mótun og þróun pönksenunnar í Argentínu allt frá upphafsárum hennar á áttunda áratug síðustu aldar. Til að nálgast verkefnið frá þverfaglegu sjónarhorni menningarfræða er horft til pólitískra aðstæðna og hugmyndafræðilegra áherslna þeirra sem mótuðu senuna. Andstaða við ríkjandi valdafyrirkomulag var ráðandi og til varð orðræða og tungutak sem skóp nýtt samhengi. Innan senunnar var útópískum og róttækum hugmyndum haldið á lofti. Uppbrot, spennu og skautun gerðu vart við sig og leikendur á sviði pönksins tóku þátt í stöðugri endurskoðun og endursköpun aðstæðna og aðferða. Þessar vendingar eru settar í öndvegi við greiningu hápólitískra pönktexta senunnar með það að leiðarljósi að tilgreina þá margvíslegu og áhrifamiklu krafta sem hún hefur alið af sér síðustu áratugi.

Iulia Ticărau, kennari við „Lucian Blaga“ University of Sibiu í Rúmeníu, flutti tvo fyrirlestra á vegum stofnunarinnar. Fyrri fyrirlesturinn nefnist „Bókmenntir gyðinga í Rúmeníu á fyrri hluta 20. aldar: Mihail Sebastian og sjálfsmynd gyðinga“ og var haldinn á Heimasvæði tungumálanna í Veröld, **25. mars** kl. 15:30-16:15. Seinni fyrirlesturinn, „Umfjöllun um stríð Rússa og Úkraínumanna í helstu fjölmiðlum í Rúmeníu: ímynd kvenna í hernaðaráttökum“ var haldinn á Heimasvæði tungumálanna í Veröld, **27. mars** kl. 15:30-16:15.

Á 95 ára afmælisdegi Vigdísar Finnbogadóttur, þann **15. apríl**, var henni afhent bókinn *Frönsk framúrstefna: Sartre, Genet, Tardieu*. Bókin inniheldur þrjár leikritaþýðingar Vigdísar og ítarlegan inngang um frönsku framúrstefnuna eftir Ásdísi R. Magnúsdóttir, Guðrúnu Kristinsdóttur og Irmu Erlingsdóttur sem einnig ritstýrðu bókinni. Viðburðurinn var haldinn í Vigdísarstofu. Það var Berglind Ásgeirsdóttir, stjórnarmaður í Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sem afhenti Vigdísi og Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, fyrstu eintökin af bókinni við hátíðlega athöfn í Veröld á 95 ára afmælisdegi Vigdísar að viðstöddum góðum gestum. Við athöfnina fluttu Halla, Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, og Ásdís Rósa Magnúsdóttir ávörp auk þess sem þær Guðrún Kristinsdóttir og Irma Erlingsdóttir kynntu verkið. Þá lásu feðgarnir og leikararnir Stefán Jónsson og Haraldur Stefánsson úr leikritinu *Læstar dyr* eftir Jean-Paul Sartre.

Þann **2. maí** stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Sagnfræðistofnun í samvinnu við Vigdísarstofnun alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar að málþingi um nýjar rannsóknir á *Ferðabók* Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar og efnum sem tengjast henni. Um þessar mundir er unnið að endurútgáfu á *Ferðabók* Eggerts og Bjarna í Danmörku, en hún hefur ekki komið út þar í landi síðan hún birtist fyrst á prenti í Sórey árið 1772. Dagskrá var á þessa leið:

Auður Hauksdóttir, prófessor emeríta: Dansk-islandsk videnssamarbejde, herunder projekter i forbindelse med Rejsebogen

Árni Daníel Júlíusson, rannsóknasérfræðingur: Eggert og de fem vise mænd, Om Eggerts og Bjarnis videnskabelige og familiemæssige netværker og deres overlap omkring 1750-1760

Jón Kristinn Einarsson, doktorsnemi í sagnfræði: Climate, Energy, and Improvement: The Political Economy of Eggert Ólafsson and Bjarni Pálsson

Sigrún Jónsdóttir, meistaranemi í sagnfræði: Fra Eggerts og Bjarnis rejsedage til Reise igiennem Island

Daniel Henschen, rannsóknasérfræðingur: Medicin og lægevidenskab i Sveinn Pálssons dagbøger

Már Jónsson, prófessor í sagnfræði: Sveinn Pálssons første versjon av Beskrivelsen over Jøklerne (1793)

Þann **26. maí** var haldinn viðburðurinn „Spjallað um hið stutta form“ á vegum STUTT - rannsóknastofu í smásögum og styttri textum. Ástráður Eysteinnsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson spjölluðu um stutt bókmenntaform í tilefni af útgáfu sérheftis Milli mála sem helgað er ólíkum gerðum smáverka og kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í árslok 2024. Aðrir þátttakendur voru Ásdís R. Magnúsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir, Geir Þ. Þórarinnsson og Rebekka Þráinsdóttir.

Nítjándra ráðstefna Norrænu samtakanna um Japansrannsóknir (NAJS) fór fram við Háskóla Íslands dagana 22.–23. maí 2025. Ráðstefnan er haldin til skiptis á Norðurlöndunum og var nú haldin á Íslandi í fyrsta sinn. Toshiba International Foundation var aðalstyrktaraðili ráðstefnunnar, en þar var fjallað um afar fjölbreytt efni. Sem dæmi má nefna innflytjendamál, byggðaþróun, utanríkisstefnu og nýjustu strauuma í japanskri menningu. Pekka Korhonen, prófessor emeritus í alþjóðastjórnnumálum við Háskólann í Jyväskylä í Finnlandi hélt aðalfyrirlestur ráðstefnunnar, sem bar heitið “On Being an Ally of the United States in Cold War II” og fjallaði um stöðu Japans og Suður-Kóreu í alþjóðakerfinu. Ráðstefnan var skipulögð af Kristínu Ingvarsdóttur, lektor í japönskum fræðum við Mála- og menningardeild, í nánú samstarfi við stjórn NAJS, en hana skipa: Bart Gaens (Alþjóðamálastofnun Finnlands), Dick Stegewerns (Háskólinn í Ósló), Jens Sejrup (Háskólinn í Kaupmannahöfn) og Patrik Ström (Stockholm School of Economics).

Pann 21. ágúst flutti Nuria Frías Jiménez doktorsfyrirlestur í spænsku Mála- og menningardeild. Nuria varði doktorsritgerðina sína 12. desember síðastliðinn við Háskólann í Sevilla á Spáni en ritgerðin var unnin undir leiðsögn Erlu Erlendsdóttur, prófessors í spænsku við Háskóla Íslands, og Auxiliadoru Castillo Carballo, prófessors við Háskólann í Sevilla. Einnig voru í doktorsnefnd Sigrún Á. Eiríksdóttir þýðandi og Begoña Sanromán Vilas, dósent við Háskólann í Helsinki. Gísli Magnússon, forseti Mála- og menningardeildar, stjórnaði athöfninni.

Doktorsverkefni Nuriu Frías Jiménez fjallar um orðastæður í íslensku og spænsku og er hagnýt samanburðarrannsókn. Orðastæður eru orðasambönd sem getur reynst erfitt að læra og tileinka sér í tungumálanámi. Tilgangur rannsóknarinnar er m.a. sá að greina hvað orðastæður í spænsku og íslensku eiga sameiginlegt og hvað ekki, en slíkur samanburður hefur ekki verið gerður áður í þessum tungumálum. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast í nýja íslensk-spænska orðabók sem er í smíðum (LEXÍA-SP) á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Jafnframt munu þær nýtast í gerð kennsluefnis fyrir nemendur í spænsku á Íslandi.

Pann 12. september varði Margrét Ann Thors doktorsritgerð í ensku við Mála- og menningardeild Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist „*Segðu allan sannleikann en farðu í kringum hann*—“: *Skáhöll greining á bókmenntum í kjölfar 11. september 2001*. Í henni eru færð rök fyrir nýrri, óbeinni nálgun á greiningu bókmennta í kjölfar árásanna 11. september 2001. Doktorsritgerðin var unnin undir leiðsögn Giti Chandra, sérfræðings hjá Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) við Háskóla Íslands. Einnig voru í doktorsnefnd Gregory Alan Phipps, prófessor í ensku við Háskóla Íslands, Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði við Háskóla Íslands, og Kristiaan Versluys, prófessor við háskólann í Ghent í Belgíu. Andmælendur við vörnina voru Marie Bouchet, dósent við háskólann í Toulouse í Frakklandi og Thomas Ærvold Bjerre, dósent við Syddansk Universitet í Danmörku. Gísli Magnússon, forseti Mála- og menningardeildar, stjórnaði athöfninni sem fór fram í Hátíðasal í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Í rannsókninni eru færð rök fyrir nýrri, óbeinni nálgun á greiningu bókmennta í kjölfar árásanna 11. september 2001. Rannsóknir á slíkum bókmenntum hafa hingað til einkum beinst að skáldsögum sem fjalla með beinum og afdráttarlausum hætti um árásirnar á Tvíburaturnana og afleiðingar þeirra. Hér er hins vegar lögð áhersla á aðra nálgun við að móta og skilgreina hugmyndir um bókmenntir í kjölfar 11. september – nálgun sem nær ekki einungis til verka sem hafa augljós tengsl við atburðinn, heldur fremur til þeirra verka þar sem tengslin eru óbein og/eða dulin. Meginforsenda ritgerðarinnar er sú að rétt

eins og áhrif 11. september eru oft óbein í samtímanum, birtast þau með óbeinum hætti í samtímabókmenntum.

Frá **15. september til 1. október** hélt námsleið í pólskum fræðum, í samstarfi við Háskólann í Varsjá og NAWA (The National Agency for Academic Exchange) röð netfyrirlestra um pólsku og evrópsku upplýsingaröldina. Fyrirlestrarnir voru haldnir af sérfræðingum frá Háskólanum í Varsjá.

15. september: Dr. Rafał Waszczuk, Sagnfræðideild, Háskólinn í Varsjá: Upplýsingaröldin, umbætur og takmarkanir þeirra: Inngangur að stjórnálagasögu Pólska-Litháenska samveldisins 1760–1790.

17. september: Dr. Katarzyna Wagner, Sagnfræðideild háskólans í Varsjá: Síðasti konungur Póllands, velgjörðarmaður lista og vísinda.

22. september: Dr. Katarzyna Wagner, Sagnfræðideild háskólans í Varsjá: Varsjá á tímum upplýsingaraldarinnar.

24. september: Dr. Agata Wdowik, sérfræðingur hjá culture.pl.: Bókmenntir pólsku upplýsingaraldarinnar.

29. september: Dr. Agata Wdowik, sérfræðingur hjá culture.pl.: Tómsundur og ferðalög Varsjárþúa á 18. öld. 1. október: Dr. Agata Wdowik, sérfræðingur hjá culture.pl.: Arfleifð upplýsingaraldarinnar í Póllandi: Sýn 20. og 21. aldar.

Fyrirlestraröðin er hluti af námi í pólskum fræðum við Háskóla Íslands og verkefninu ReyVarstígur – frá Reykjavík til Varsjár: á slóðum pólsku upplýsingarinnar. Verkefninu lauk með málþingi í Veröld þann **22. nóvember**. Þar kynntu nemendur verkefni sem þeir unnu og byggð voru á efni sem þeir söfnuðu í námsferð til Varsjár í október. Sveinn Yngvi Egilsson prófessor í íslenskum bókmenntum og Agnieszka Lajus, prófessor við Háskólann í Varsjá og forstöðukona listasafns Póllands í Varsjá fluttu fyrirlestra um upplýsingaröldina í Póllandi og á Íslandi. Þá var einnig opnuð ljósmyndasýning með myndum sem nemendur tóku í námsferðinni til Varsjár.

Þann **15. október** stóðu *Ritið*: Tímarit Hugvísindastofnunar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir málþingi um læknahugvísindi þar sem sjónum var meðal annars beint að sjúkdómum, sorg og samlíðan í bókmenntum. Einnig var hugað að tengslum læknisfræði og bókmenntafræði og í því skyni varpað ljósi á hvernig verið sé að nýta bókmenntatexta sem fjalla um veikindi, áföll, samskipti lækna og sjúklinga sem og sorg og sorgarúrvinnslu í heilbrigðiskerfinu, bæði til að efla samlíðan og auka skilning heilbrigðisstarfsfólks á lífi og reynslu skjólstaðinga sinna. Læknahugvísindi eru þverfaglegt rannsóknasvið sem tengir saman þekkingu og innsæi ólíkra fræðigreina, þ.e. læknisfræða, hjúkrunarfræða og hugvísinda. Innan læknahugvísinda hefur gefist vel að nýta bókmenntir um sjúklinga, lækna, veikindi, sorg og sársauka sem umræðu- og þekkingargrundvöll því þær veita aðgang að tilfinningalífi fólks og þjáningu og varpa gjarnan ljósi á samskipti þess við heilbrigðisstéttina. Þátttakendur voru: Guðrún Steinþórsdóttir aðjúnt við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði og ritstjóri *Ritsins*: „ó gjáin! milli eigin flensu og annarra“: Um samlíðan, samskipti og bókmenntir. Hanna Óladóttir, málfræðingur og ljóðskáld, las úr ljóðabókum sínum *Stökkbrigði*, *Kona fer í gönguferð* og *Bakland*.

Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í íslenskum bókmenntum: „Riddarinn hallast við brotinn brand, bleik er hans unga kinn“: Um birtingarmyndir berkla í skáldskap Sigrún Alba Sigurðardóttir, rithöfundur og doktorsnemi við Mála- og menningardeild las úr bók sinni *Þegar mamma mín dó*.

Aðalheiður Guðmundsdóttir, prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum: Um myrkur sem mæðir og sögur sem græða

Ari Jóhannesson, læknir, rithöfundur og ljóðskáld: Undir leiðarstjörnu, frá kviku til kviku. Að flétta saman læknisfræði og bókmenntir

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor emerita í íslenskum nútímabókmenntum: „Gott að eldast?“

Þann **16. október** stóð STUTT-rannsóknastofa í smásögum og styttri textum fyrir *Kvöldstund með smávinum* í Gunnarshúsi. Kvöldstundin var helguð þemanu „Borgir og fólk“. Þar fjölluðu höfundar og þýðendur um verk sín og/eða þýðingar og lásu valda texta. Helsta markmið þessara stunda var að skapa tækifæri til að kynna ólíkum stuttum bókmenntatextum, gömlum og nýjum, og verða fróðari um þá, hvort sem þeir kallast örsögur, smáprósar, prósaljóð eða eitthvað annað, og að njóta samveru við upplestur og umfjöllun verkanna. Þátttakendur voru:

Brynja Cortes: *Borgirnar ósýnilegu* eftir Italo Calvino

Óskar Árni Óskarsson: *Reykjavíkurmýndir*

Ásdís Rósa Magnúsdóttir: *Parísardepurð* eftir Baudelaire

Gottskálf Jenson: *Manngerðir* eftir Þeófrastos

Áslaug Agnarsdóttir: *mondo cane* eftir Jos de Gruyter og Harald Thys

Kristín Guðrún Jónsdóttir skipulagði og stjórnaði umræðum.

Þann **21. október** stóð Rannsóknastofa í bókmennta- og menningarsögu íslenskra vesturfara og Vigdísarstofnun fyrir viðburði í tilefni af 150 ára afmæli Nýja Íslands. Þann dag var árlegur fyrirlestur í Guttorms J. Guttormssonar fyrirlestraröðinni haldinn í Johnson Hall, Gimli, Manitoba, í samstarfi við New Iceland Heritage Museum, Gimli, University of Winnipeg:

[Guttorms J. Guttormssonar fyrirlestur: Stefan Jonasson | Háskóli Íslands](#)

Þann **13. nóvember** stóð STUTT-rannsóknastofa í smásögum og styttri textum fyrir annarri *Kvöldstund með smávinum* í Gunnarshúsi. Kvöldstundin var helguð þemanu „Nýlegar þýðingar“. Þátttakendur voru:

Þórður Sævar Jónsson: *Tókýó-Montana hraðlestin* eftir Richard Brautigan

Berglind Erna Tryggvadóttir: *Mér líður ágætlega en mér gæti liði betur* eftir Lydiu Davis

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: *43 smámunir* eftir Katrin Ottarsdóttir

Rut Ingólfssdóttir: *Stíllæfingar* eftir Raymond Queneau

Kristín Guðrún Jónsdóttir skipulagði og stjórnaði umræðum.

Þann **1. desember** efndu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Bókmennta- og listfræðastofnun til málþings um leikritabýðingar á íslensku í Eddu. Erlend leikverk hafa mótað íslenskt leikhús og leikbókmenntir frá upphafi leiklistar í landinu. Danskir og franskir gamanleikir voru leiknir á dönsku af reykvískum skólapiltum á fyrri hluta nítjándu aldar en fljótlega var farið að snúa þeim á íslensku, stundum úr millimáli. Leikritabýðingar skipa því sérstakan sess innan leiklistarsögunnar og er málþinginu ætlað að vekja athygli á vægi þeirra fyrir íslenskt leikhúslíf og hinni sértæku glímu þýðenda og leikara við leiktextann. Í erindum og umræðum var sjónum beint að ólíkum hliðum þessarar áhugaverðu sögu og staldrað við nokkur kennileiti og helstu áskoranir. Þátttakendur voru:

Ingibjörg Þórisdóttir, doktorsnemi – Frá skrifuðu orði til lifandi flutnings: um hlutverk þýðandans

Hjörtur Jóhann Jónsson, leikari – Tungumál leikarans

Guðrún Kristinsdóttir – Um þýðingu ljóðleikja

Tinna Gunnlaugsdóttir, doktorsnemi – „Lagað að háttum vorum og síðum“

Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir, leikskáld – Þýtt upp á nýtt: mikilvægi nýrra leikritapýðinga

Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt og doktorsnemi – Náttúran og sálin: þrjár þýðingar á *Vanja frænda* eftir Anton Tsjekhov

Irma Erlingsdóttir, prófessor – Franska framúrstefnan á íslensku

Ástráður Eysteinnsson, prófessor – Um þýðingar á verkum Becketts

Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor – Flær á skinni

Egill Arnarson, ritstjóri, spjallaði við Trausta Ólafsson, þýðanda og leikhúsfraeðing, um verk Antonins Artauds: *Leikhúsið og tvívera þess*

Trausti Ólafsson spallaði við Kolfinnu Nikulásdóttur, leikstjóra, um Artaud og *Hamlet*.

Gauti Kristmannsson prófessor stýrði málþinginu.

Þann 8. desember flutti Dr. Beatriz de Alba-Koch, dósent í sagnfræði við Victoriaháskólann í Victoria í Kanda erindið „ Mexíkóborg-Tenochtitlán: Stórborg í Rómönsku-Ameríku í sjö aldir“. Árið 1519 þegar landvinningamaðurinn Hernáns Cortés og menn hans litu fyrst augum hina stórfenglegu Tenochtitlán, borg astekanna sem var byggð út á vatni, héldu þeir að þetta væri draumsýn. Eftir að borgin féll í hendur Spánverja hélt hún áfram að vera höfuðstaður og var nú nefnd Mexíkóborg, fyrst fyrir varakonungsdæmið Nýja-Spán og síðar Mexíkó þegar landið fékk sjálfstæði. Í fyrirlestrinum var saga borgarinnar rakin og fjallað um þær áskoranir sem stórborgin tekst á við nú á dögum. Fyrirlesturinn var haldinn á vegum spænskunnar við Mála- og manningardeild Háskóla Íslands og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

ÞAKKIR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur þakkar öllum sem styrktu starfsemi stofnunarinnar árið 2025: Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta, Hugvísindastofnun og Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli. Íslenskum stjórnvöldum er þakkað fyrir stuðning við starfsemi Vigdísarstofnunar – Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar. Þá er stjórn stofnunarinnar ásamt stjórnnum undirstofa, Margréti Guðmundsdóttur, rekstrarstjóra rannsóknþjónustu, Guðmundi Herði Guðmundssyni, kynningar- og vefstjóra Hugvísindasviðs, Helgu Brá Árnadóttur, verkefnisstjóra Styrktarsjóða Háskóla Íslands, og rektor, Jóni Atla Benediktssyni, þakkað gott samstarf.

24. apríl 2026

Ásdís R. Magnúsdóttir, f.h. stjórnar